

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2011 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 123/2011

2012/EES/15/01

frá 2. desember 2011

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/749/ESB frá 2. desember 2010 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Indlands, Perús, Panama og Suður-Kóreu með tilliti til kúariðu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/761/ESB frá 7. desember 2010 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykktar landsráðstafanir Ungverjalands og Bretlands vegna vorveiru í vatnakarpa ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/187/ESB frá 24. mars. 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykki fyrir landsráðstöfunum til að koma í veg fyrir að herpesveira 1 μvar í ostrum (OsHV-1 μvar) berist til tiltekinnar svæða við Írland og í Breska konungsríkinu ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 72, og EES-viðbætur við Stjótið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 4.

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 318, 4.12.2010, bls. 47.

⁽³⁾ Stjótið. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 47.

⁽⁴⁾ Stjótið. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 15.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2:
„eins og henni var breytt með:
 - **32010 D 0761**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/761/ESB frá 7. desember 2010 (Stjtið. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 47),
 - **32011 D 0187**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/187/ESB frá 24. mars 2011 (Stjtið. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 15).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.2:
„– **32010 D 0749**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/749/ESB frá 2. desember 2010 (Stjtið. ESB L 318, 4.12.2010, bls. 47).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/749/ESB, 2010/761/ESB og 2011/187/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.